

2. stjórnarfundur EBAK 16. apríl 2024 kl. 15:00

Mætt voru: Karl Erlendsson, Karl Guðmundsson, Margrét Alfreðsdóttir, Margrét Marvinsdóttir, Björn Snæbjörnsson, Brynjólfur Ingvarsson og Guðný Fjóla Sigurðardóttir.

Forföll boðuðu: Sigurður Harðarson, Valgerður Jónsdóttir og Þóra Hjaltadóttir

Formaður setti fund kl 15:00

Dagskrá:



1. Fundur með þingmönnum 12.4 2024
140-150 manns mættu á fundinn sem gekk mjög vel. 7 þingmenn mættu. Kjarahópurinn vinnur málið áfram.
2. Húsnæðiskönnun
Spurningalisti kynntur fyrir stjórninni. Málin rædd. Stjórnin samþykkir að heimila að könnun fari fram í nafni félagsins.
3. Ringómót
N.k. laugardagverður Ringómót í Íþróttahöllinni og eru 30-50 manns þegar skráð í mótið. Kjötsúpa verður í boði í Bugðusíðu fyrir þátttakendur um kl. 15:30 og gott ef einhverjir stjórnarmenn geti mætt til aðstoðar.
4. Tölvunámskeið
Fáir hafa skráð sig á námskeiðið sem SÍMEY sér um fyrir félagið. Rætt um að bjóða upp á fleiri námskeið næsta haust.
5. Starfið framundan
Skipt var í vinnuhópa.
 - a) *Samþykktir félagsins.* Karl Erlendsson, Margrét Alfreðsdóttir, Brynjólfur Ingvarsson og Valgerður Jónsdóttir.
 - b) *Hlutverk nefnda og fl.* Björn Snæbjörnsson, Margrét Marvinsdóttir og Sigurður Harðarson.
 - c) *Hlutverk stjórnar, skrifstofustjóra og fl.* Karl Guðmundsson, Guðný Fjóla Sigurðardóttir og Þóra Hjaltadóttir.



Rætt var um að boða til almenns félagsfundar til að ræða um félagið og starfsemi þess. Formanni falið að gera það.

Rætt um að hafa samband við önnur félög eldri borgara á Eyjafjarðarsvæðinu og var formanni falið að gera það.

6. Ráðningakjör starfsmanns
Karl Erlendsson formaður/skrifstofustjóri vék af fundi. Lögð fram tillaga að ráðningarsamningi skrifstofustjóra. Stjórnin gerir ekki aths. við hann en eftir er að bera hann undir skrifstofustjóran.
7. Önnur mál.
Rætt um heimasíðuna og nauðsynlega lagfæringu hennar.

Fleira ekki gert og fundi slitið um 16:30



Margrét H. Marvinsdóttir



Margrét Alfreðsdóttir

